

16

12. febr.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um skipun slökkviliðs og brunamála í Akureyrar-
kaupstað, nr. 101 10. september 1934.

Í stað orðanna „fjórum sinnum á ári“, í upphafi 18. gr. reglugerðarinnar, komi:
þrisvar sinnum á ári.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22.
nóvember 1907, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1942.

Jakob Möller.

Páll Pálmason.

17

16. febr.

GJALDSKRÁ

um greiðslu fyrir aukaverk sóknarpresta.

1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tiðkamt hafa samkvæmt fyrirmælum
laga og venjum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

a. Fyrir skráningu nafns barna í ministerialbók	kr. 10.00
b. — fermingu ásamt undirbúningi	— 30.00
c. — hjónavigslu	— 20.00
d. — greftrun (líksöngseyrir)	— 15.00
e. — endurskoðun kirkjureiknings	— 5.00
f. — vottorð, sem prestur gefur í embættisnafni	— 2.00

Þó skulu vottorð, er prestur gefur vegna meðlagsgreiðslu barna, fjárhagsvottorð
fátækra manna, svo og vottorð samkvæmt beiðni sveitarstjórna, eða annarra stjórn-
arvalda, veitt ókeypis.

3. gr.

Nú flytur prestur ræðu við jarðarför eða hjónavigslu, og ber honum þá sér-
stök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tiðkamt hefur.

4. gr.

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

5. gr.

Skyld er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, er hans er vitjað til
aukaverka, og greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

6. gr.

Um fararþeina handa presti, er á yfir sjó að sækja til aukaverka, svo og þegar
hans er vitjað til sjúkra, fer eftir tilskipun frá 27. janúar 1847.